



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Stórhýsi Góður gangur er í framkvæmdum við nýju eldsstöðina, sem er fyrir botni Tálknafjarðar. Í dalnum ofan við bygginguna er vegurinn til Bíldudals.

Stærsta hús á Vestfjörðum

● Miklar framkvæmdir við Tálknafjörð ● Fjórar milljónir fiska verða framleiddar í seiðaeldisstöð Dýrfisks ● Ferlið frá hrognum til afurða spannar eitt ár

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

Ágætur gangur er í framkvæmdum við byggingu nýrrar seiðaeldisstöðvar Arctic Fish fyrir botni Tálknafjarðar. Alls vinna 14 iðnaðarmenn við að reisa byggingarnar, það er þrjú 3.700 fermetra skála sem hver og einn hýsir átta 350 rúmmetra ker.



Sigurvin Hreiðarsson

Ein bygginganna þriggja er þegar tilbúin og starfsemi þar hafin, burðarvirki annarrar er komið og sökklar að þeirri þriðju. Að lokum verður reistur tengingangur milli þessara þriggja húsa sem samanlagt verða um rösklega 11.000 fermetrar og þar með stærsta bygging á Vestfjörðum, að talið er. Í dag fara um 500 þúsund eldisfiskar á ári frá Tálknafjarðarstöð Arctic Fish, en eldi frá hrogn-



Burðarbitar Undir þaki í þremur skálum verða rösklega 11.000 fermetrar. Alls átta eldisker verða í hverju og einu húsi, tvö í hverri einingu.

um í 300 gramma stærð er eins árs ferli. Þegar stækkuð stöð kemst í fulla framleiðslu árið 2017 binda menn vonir við að þá geti þaðan farið um fjórar milljónir laxfiska á ári, að

stærstum hluta regnbogasilungur sem alinn er til sláturstærðar í Dýrafirði. Þar er aðsetur dótturfyrirtækisins Dýrfisks.

„Menn stefna á að taka þessar

nýju byggingar í gagnið, að minnsta kosti að einhverjum hluta, fyrir haustið. Allar áætlanir í framleiðslunni miðast við það,“ segir Sigurvin Hreiðarsson, stöðvarstjóri Arctic Fish í Tálknafirði.

Komið í veg fyrir sýkingar

„Við settum út stóran hrognaskammt í maí í fyrra og núna erum við að koma þessu frá okkur í eldi í Dýrafirði. Og eldisstöðin nýja verður mjög fullkomin. Í hverjum skála verða átta ker samtals, tvö og tvö tengd saman sem sjálfstæðar einingar. Það tryggir til dæmis góða nýtingu á vatni og kemur jafnframt í veg fyrir smit og sýkingu á milli kera, sem gæti valdið sjúkdómum í fiskinum,“ segir Sigurvin.

Starfsemi Arctic Fish, sem var stofnað árið 2011, er annars mjög umfangsmikil og fiskur á vegum fyrirtækisins er alinn í Ölfusi, við Grindavík, á Flateyri og í Tálknafirði.

Fiskeldi er því orðið gildur atvinnuvegur á öllum sunnanverðum Vestfjörðum.